



Framfaravogin

2019



**Kópavogur
Reykjanesbær
Sveitafélagið Árborg**

Útgefandi:

SPI á Íslandi c/o Cognitio ehf.

Ritstjórn:

Rósbjörg Jónsdóttir
Kári S. Friðriksson

Myndir

Ljósmyndir frá Árborg - Sveitarfélagið Árborg
Ljósmyndir fyrir Kópavog - Sveitarfélagið Kópavogur
Ljósmyndir frá Reykjanesbæ - Sveitarfélagið Reykjanesbær & Ljós. OZZO
Aðrar ljósmyndir: Shutterstock.com

Hönnun

Porgeir Valur Ellertsson

Prentun

Svansprent hf.

Social Progress á Íslandi

Fulltrúi Social Progress Imperative á Íslandi er ráðgjafafyrirtækið Cognitio. Social Progress Imperative hefur haft veg og vanda að þróun og útgáfu vísitölu félagslegra framfara (e.social progress index). Rósbjörg Jónsdóttir eigandi Cognitio, hefur haft frumkvæði að innleiðingu verkefna sem tengjast vísitölu félagslegra framfara hér á landi. Auk Rósbjargar, eru sérfræðingar Social Progress á Íslandi þeir Gunnar Haraldsson hagfræðingur, og Kári S Friðriksson hagfræðingur. Kári hefur yfirumsjón með tölfraeðiúrvinnslu sértækra verkefna á sviði félagslegra framfara á Íslandi.

Social Progress á Íslandi tekur að sér úttektir samkvæmt verkferlum vísitölnnar og vinnur að slíkum verkefnum á þverfaglegan hátt í samvinnu við hagaðila hverju sinni. SPI á Ísland vann úttekt fyrir Kópavog 2017-2018. Sveitarfélögin þrjú; Kópavogur, Reykjanesbær og Árborg hafa nú tekið höndum saman og standa að sameiginlegri úttekt undir heitinu **Framfaravogin eða framfaravog sveitarfélaga.**

Þá hefur Cognitio í samvinnu við alþjóðastofnunina Social Progress Imperative haft frumkvæði að því að byggja upp alþjóðlega leiðtogaráðstefnu á Íslandi, What Works Summit, þar sem horft er til þeirra þátta sem hafa reynst vel þegar kemur að því að efla félagslegar framfarir. Heimasiða SPI á Íslandi er www.socialprogress.is

©Framfaravogin 2019

SPI á Íslandi c/o Cognitio



Preface

Iceland is a global pioneer in sustainable and inclusive development. Yet even for Iceland there are challenges and achieving the Sustainable Development Goals will require a significant effort.

The Social Progress Index was first released in 2014 amidst an emerging consensus that the economic indicators relied on by governments and businesses alike to assess the health of a society were not telling the whole story. We designed the Index as a direct measure of social and environmental outcomes, independently of economic proxies, to provide a more complete account of societies' real quality of life. The Index complements existing indicators of progress like GDP, helping to untangle the relationship between social progress and economic growth.

Since 2014, localized Social Progress Indexes have been developed and adopted all over the world by businesses, civil society organizations and governments at every level. More than just an academic exercise, the Index has proven an invaluable tool for decision-makers looking to develop smarter investments and more responsive policies rooted in the data. They know a country where people are healthy, educated, and free is best positioned for economic growth that is both inclusive and sustainable.

Iceland ranks 6th out of 149 countries in the 2019 Social Progress Index and, since 2014, has always been among the top ten countries. This report uses our well-tested methodology to apply the Social Progress Index at a local level for the municipalities of Árborg, Kópavogur and Reykjanesbær, providing robust, actionable insights for these communities to take the next steps in their development. The Social Progress Index is a practical and flexible tool to support Iceland's efforts to achieve the Sustainable Development Goals.

We are grateful to our partner in Iceland, Cognitio, for leading this work and to the mayors of Árborg, Kópavogur and Reykjanesbær for their commitment to sustainable and inclusive development for all.

Michael Green
Founder and CEO of Social Progress Imperative



Samantekt

Hvernig er grunnþörfum borgaranna mætt? Er verið að stuðla að og viðhalda lífs-gæðum þeirra? Hafa allir tækifæri til að bæta líf sitt? Framfaravoginni er ætlað að leggja mat á slíka þætti.

Hér er sett fram niðurstaða úttektar á Framfaravoginni fyrir þrjú sveitarfélög, þ.e. **Kópavog, Reykjanesbæ og Sveitarfélagið Árborg**.

Markmið Framfaravogarinnar er að draga fram stöðu félagslegra framfara í samfélaginu og um leið draga fram hvar á gera betur. Í því sambandi skiptir miklu, að þeir mælikvarðar sem valdir eru, séu réttmætir. Miklar kröfur eru gerðar til þeirra mælikvarða sem Social Progress Imperative leggur til grundvallar við útreikning vísitölu félagslegra framfara (e. SPI) og gildir það ekki síst um skilyrði varðandi eðli og gæði hinna ýmsu vísa. Þannig er það gert að skilyrði að viðkomandi gögnum sé safnað með reglulegu millibili og komi úr sama gagnabanka. Þau þurfa auk þess að vera, samræmanleg og síðast en ekki síst þá eiga gögnin sem notuð eru að sýna niðurstöðu eða útkomu en ekki aðföng. Sem dæmi má nefna að algengir mælikvarðar, s.s. fjárframlög til einstakra málefna, eru ekki gjaldgengir þar sem þeir endurspeglar ekki útkomu heldur einungis það hve miklu fé er varið án tillits til áhrifa eða útkomu.

Hvað viðkemur þeim niðurstöðum er rétt að nefna nokkrar sérstækar áskoranir. Þeir mælikvarðar sem henta í öðrum löndum og við aðrar aðstæður eiga ekki endilega vel við í íslensku samhengi, sveitarstjórnarstigið sérstaklega. Horfa verður sérstaklega til mannfjölda, aldursdreifingar og efnahagslegrar stöðu, svo eitthvað sé nefnt. Jafnvel þó "hjórtum manna svipar saman" eins og Tómas Guðmundsson orti, eru grunnþarfir einstaklinganna ekki endilega þær sömu í „Súdan og Grímsnesinu“. Þá veldur fámenni því sérstaklega og verður að hafa í huga persónuverndarsjónarmið og að ekki sé hægt að rekja niðurstöður einstakra mælinga til einstaklinga.

Enn er langt í land að gögn hér á landi séu með þeim hætti að auðvelt sé að safna sam-
anburðarhæfum upplýsingum niður á einstök sveitarfélög og það jafnvel þegar um er að ræða upplýsingar sem okkur finnast sjálfsagðar, s.s. ástand og gæði umhverfis. Sama gildir um aðgengi fólks að heilbrigðisþjónustu og húsnæði. Oftar en ekki er horft

til landshluta eða heilbrigðisumdæma sem eru á skjön við þær stjórnsýslueiningar sem bera ábyrgð á málaflokknum. Hér má gera bragarbót.

Á sama tíma hafa fjölmargir aðilar, jafnt einstaklingar sem stofnanir, hjálpað til að afla gagna og upplýsinga og eiga allir þessir aðilar miklar þakkir skilið fyrir frábærar viðtökur og gott samstarf. Í þessari útgáfu var ekki farið í sértæka spurningarkönnun til að nálgast ýmsar upplýsingar sem ekki lágu auðveldlega fyrir. En í framtíðinni ætti að skoða gaumgæfilega hvort og hvernig megi nýta slíkar aðferðir til að afla enn betri upplýsinga og gagna og bæta þar með það verkfæri sem Framfaravogin er.

Ýmsar áhugaverðar hugmyndir að mælikvörðum komu upp í þessari vinnu sem ekki reyndist unnt að nýta að svo stöddu, þar sem heppileg gögn voru ekki til staðar. Er það von okkar sem að þessu verkefni standa að hægt verði að vinna þær hugmyndir áfram í framtíðinni og bæta enn frekar í flóru góðra mælikvarða.

Kópavogur reið á vaðið á síðasta ári og var fyrst sveitarfélagi hér á landi til reikna vísitölu félagslegra framfara í samstarfi við SPI á Íslandi. Það verkefni sem hér er kynnt er framhald þeirrar vinnu og hafa hin tvö sveitarfélögin bæst í hópinn. Hefur sú samvinna öll verið með ágætum og eiga sérfræðingar sveitarfélaganna sérstakar þakkir skyldar fyrir þeirra ómetanlega framlag, enda er hér um samvinnuverkefni að ræða. Þess má geta að margs konar spennandi verkefni og rannsóknir eru í gangi sem með einum eða öðrum hætti má rekja til Kópavogs-verkefnisins. Þannig var það góður grunnur til að byggja á til framtíðar.

Framfaravogin er stjórnþæki sem ætlað er að nýtast til að auka velferð og framfarir í samfélögum. Með því að fylgjast markvisst og reglulega með þróuninni geta sveitarfélögin forgangsraðað og brugðist við með markvissum hætti. Til dæmis er hægt að grípa til ráðstafana vegna breyttrar samsetningu íbúa og tryggja að fólki af erlendum uppruna líði vel og búi við fjölbreytt tækifæri til betra lífs. Hvað þennan málaflokk varðar er ljóst að hér þarf einnig að bæta gæði og aðgengi upplýsinga.




Framfaravogin er verkfæri sem hægt er að horfa til við mat á tækifærum til nýsköpunar, hvort heldur þegar horft er til stjórnenda sveitarfélagsins sjálfs eða einkaaðila sem með starfsemi sinni hafa áhrif á velferð viðkomandi samfélaga. Hér má beita nýrri hugsun og skoða nýjar leiðir til að gera góð samfélög betri.

Með frumkvæði sínu hafa sveitarfélögin þrjú, Kópavogur, Reykjanesbær og Árborg sýnt hér frammá að hægt er að vinna saman að því að búa til verkfæri sem nýtist öllum. Það er von þeirra sem að þróun Framfaravogarinnar standa að fleiri sveitarfélög muni í framtíðinni koma að borðinu og hjálpast þannig til við að gera öflugt stjórnþæki betra og góð samfélög betri.

Framfaravogin 2019 byggir á gagnasafni sem nær yfir tímabilið 2014-2018.

Framfaravogin - SPI

2014 - 2018





Efnisyfirlit

Preface	3
Samantekt	4
Inngangur	7
Vísitala félagslegra framfara	8
SPI og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	10
Niðurstöður	13
Kópavogur	23
Reykjanesbær	29
Sveitarfélagið Árborg	35
Aðferðafræði	40
Viðaukar	42



Inngangur

Árangursmælingar með áherslu á félagslegar framfarir fara sívaxandi um heim allan og kröfur fólksins um betri lífsskilyrði og lífsgæði aukast stöðugt.

Hér eru niðurstöður úttekta á sveitarfélögum **Kópavogsbæ, Reykjanesbæ og Árborg** undir heitinu **Framfaravog sveitarfélaga 2019** kynntar. Aðferðafræði vísitölu félagslegra framfara er hér beitt til að meta hæfni þessara samfélaga á að mæta grunnþörfum íbúa sinna, stuðla að og viðhalda lífsgæðum þeirra og veita hverjum og einum tækifæri til betra lífs. Verkefnið var leitt af fulltrúum SPI á Íslandi /Cognitio undir handleiðslu Social Progress Imperative.

Í þessari skýrslu er farið yfir almennar upplýsingar um vísitölu félagslegra framfara, upphafið að Framfaravoginni og lagðir fram útreikningar fyrir hvert sveitarfélag fyrir sig.

Þá er gerð grein fyrir vinnslu verkefnisins og framsetningu þeirra vísa sem valdir hafa verið. Í viðauka er að finna upplýsingar um aðferðafræðina, ítarlegar upplýsingar um skilgreiningar á vísu, hvaðan gögnin eru fengin og hvernig þau eru reiknuð út. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðu SPI á Íslandi socialprogress.is.


Einkenni vísitölunarinnar



Einungis er notast við **félagslega og umhverfislega vísa** en engir efnahagslegir vísar teknir með í útreikningana. Gögn verða að koma úr sama brunni



Einungis litið til **niðurstaða eða afleiðinga/útkomu** (e. output) en ekki til þess hve mikið er lagt af hendi (e. input) t.d. í formi peningalegra framlaga.



Vísarnir draga **fram heildræna sýn á félagslegar framfarir** samfélaga..



Vísitalan er **stjórnþæki**. Mælikvarðanum ætlað að vera **hagnýtur** í notkun og gera notendum kleift að greina aðstæður og bregðast við mikilvægum þáttum er snerta samfélagið.

Vísitala félagslegra framfara

Samsetning og einkenni

Vísitala félagslegra framfara er heildstæður mælikvarði sem byggður er upp af samfélagslegum og umhverfislegum vísam sem ná yfir þrjár víddir félagslegra framfara. Vísitalan segir til um hæfni samfélaga til að mæta grunnþörfum borgaranna, stuðla að og viðhalda lífsgæðum þeirra og skapa einstaklingunum tækifæri til betra lífs.

Vísitala félagslegra framfara er eini mælikvarðinn sinnar tegundar í heiminum. Horft er til þátta sem eru aðrir en hefðbundnir mælikvarðar á efnahagslega stöðu, s.s. verga landsframleiðslu. Mikil fylgni er á milli vergrar landsframleiðslu og vísitölu félagslegra framfara. Verg landsframleiðsla segir ekki alltaf alla söguna og það getur verið töluverður munur á félagslegum framförum á milli þjóða sem hafa sambærilegar þjóðarþekjur á mann. Það er einmitt markmið vísitölu félagslegra framfara að mæla þennan mun og um leið búa til verkfæri sem getur hjálpa við að stuðla að auknum félagslegum framförum.


Mælikvarðinn hefur verið mældur árlega á heimsvísu frá því 2014. Á undanförunum árum hefur færst í vöxt að verkfærið er aðlagð að tilteknum svæðum og er nú nýttur í svæðisbundnum úttektum s.s. borgum ríkjum, sýslum og sveitarfélögum víðsvegar um heim allan.

Vísitala félagslegra framfara er hagnýtt verkfæri sem segir til um hvernig hefur tekist til og sýnir ákveðna mynd af stöðunni miðað við skilgreindar forsendur og endurspeglar um leið þá þætti sem skipta einstaklinginn máli.

Þeir þættir sem settir eru fram eru samanburðarhæfir á milli svæða. Stjórnþækið dregur fram þau viðfangsefni sem þarf mesta athygli. Þetta verkfæri endurspeglar ytri skilyrði í viðkomandi samfélagi og nýtist vel við stefnumótandi ákvarðanatöku, forgangsröðun og það þjónar vel sem vegvísir til úrbóta.

Þá getur verkfærið snert við virðisdeðju fyrirtækja sem láta sig uppbyggingu samfélaga varða og geta skapað gagnkvæman ávinning.

Samspil félagslegra framfara og vergrar landsframleiðslu



Uppbygging vísitölunnar er samskvæmt skilgreindum atriðum og nær yfir þrjár víddir (e.dimensions). Hver þessara vídda hefur fjóra þætti (e.component) sem innihalda 3 - 7 vísa.

Meðfylgjandi tafla sýnir hvað hverjum þætti er ætlað að endurspeglar:

Skilgreining þátta

	Páttur	Skýring
Grunnþarfir	Heilbrigði	Félagslegar framfarir byggja m.a. á traustu heilbrigðiskerfi sem og heilsusamlegri og góðri næringu. Þessir tveir þættir eru ekki aðeins forsendur til að lifa af. Afleiðing að því að hafa ekki aðgengi að nauðsynlegri næringu og heilsugæslu hefur neikvæð áhrif á samfélög.
	Vatn og hreinlæti	Aðgengi að hreinu vatni og hreinslætisaðstöðu telst til grundvallarmannréttinda skv. skilgreiningum Sameinuðu þjóðanna. Slíkt er lífsnauðsynlegt hverjum einstaklingi og eykur lífslíkur hans.
	Húsnæði	Til að tryggja öryggi, heilsu og mannlega reisn, þarf hver og einn að hafa aðgengi að mannsæm- andi húsnæði.
	Öryggi	Öryggi er nauðsynlegt heilsu, friði, réttlæti og vellíðan. Það stuðlar að frelsi einstaklingsins að geta yfirgefið heimili sitt einn og sér eða með vinum og fjölskyldu sinni án þess að búa við ótta.
Grunnstoðir velferðar	Grunnmenntun	Menntun er grunnforsenda framfara, frelsis og eflingu einstaklingsins. Með grunnþekkingu í lestri, skrift og stærðfræði getur einstaklingur bætt samfélagslegar og efnahagslegar kringumstæður sínar og tekið aukinn þátt í samfélaginu. Menntun er þannig nauðsynleg til að byggja upp réttlátt samfélag.
	Samskipti og upplýsingar	Frjálst aðgengi að upplýsingum og möguleikinn á að skiptast á upplýsingum við aðra er nauðsyn- legt fyrir skilvirkt, opið og ábyrgt samfélag. Hæfni einstaklingsins til að tengjast öðrum í gegnum síma, og/eða internetið auðveldar menntun, skoðanaskipti, og veitir fólki tækifæri til að móta áhrif og menningu í samfélaginu. Frelsi fjölmiðla tryggir að stjórnvöld takmarki ekki aðgang að upp- lýsingum og að borgarar geti sótt sér fræðslu um samfélag sitt, landið og heiminn og stuðlað að auknum skilningi og samvinnu.
	Heilsa og líðan	Heilsa og vellíðan mælir hversu heilbrigðu lífi fólk hefur tök á að lifa. Hér er horft til þeirra þátta sem aðstoða einstaklinginn við að draga úr ótímabærum dauðsföllum af ýmsum fyrirbyggjanlegum sjúkdómum. Geðheilbrigði er mikilvægt þegar horft er til getu einstaklingsins til að lifa hamingju- sömu lífi.
	Umhverfisgæði	Öruggt náttúrulegt umhverfi er forsenda fyrir heilbrigðu og ánægjulegu lífi einstaklingsins. Umhverfisgæði hafa bein áhrif á heilsu og því möguleikum fólks til lífs. Mengun getur einnig haft neikvæð áhrif á lífsskilyrði, og aðgengi að heilsusamlegu lofti er lífsnauðsynlegt. Losun gróður- húsalofttegunda og dvínandi líffræðilegur fjölbreytileiki og hverfandi búsvæði ógna loftslagi heimsins, fæðukeðjunni og auka líkur á sjúkdómum. Þá hindrar mengun vatns að hægt sé að full- nægja nauðsynlegum mannlegum þörfum s.s. til drykkjar, þvotta og annars hreinlætis.
Tækifæri	Borgaraleg réttindi	Borgaraleg réttindi gera einstaklingum kleift að taka þátt í samfélaginu án afskipta yfirvalds og annarra stofnana eða einkaaðila. Þessi réttindi innfela pólitísk réttindi, félagsleg réttindi, sem og rétt til tjáningar og eigna. Þau stuðla að reisn og virðingu og auðvelda einstaklingnum þátttöku í að byggja upp frjálst og lýðræðislegt samfélag þar sem ólíkar raddir fólks heyrast og tekið er tillit til þeirra.
	Persónufrelsi	Persónufrelsi endurspeglar val og áherslur einstaklingsins á að taka ákvarðanir eins og hann kys og hefur frelsi til að ákveða hvernig hann hagar lífi sínu.
	Þátttaka	Þátttaka er einungis tryggð í umburðalyndu samfélagi, þ.e. samfélagi án aðgreiningar þar sem hver og einn getur lifað lífi sínu með reisn og virðingu. Mismunur á grundvelli þjóðernis, kyns, fæðingar, trúarbragða eða kynhneigðar kemur í veg fyrir að einstaklingur geti tekið fullan þátt í samfélaginu og getur auk þess leitt til ofbeldis og átaka.
	Framhaldsmenntun	Fræðslu- og rannsóknarstofnanir á efri námsstigum geta stuðlað að nýsköpun og hjálpað til við að leysa jafnt staðbundin sem alþjóðleg vandmál. Mikilvægt er að tryggja aðgengi karla jafnt sem kvenna af öllum þjóðfélagsstigum að aðgengi að framhaldsmenntun og gæta verður jafnræðis í hvívetna.

SPI og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna (2016 - 2030) miða að því að efla sjálfbæra þróun í heiminum til ársins 2030 þar sem áherslan er lögð á að útrýma fátækt og mismunun, auka velmegun allra og gera heiminn að betri stað. Til að hægt sé að ná þessu takmarki þurfa allir; stjórnvöld, fyrirtæki og stofnanir og einstaklingar að leggja sitt af mörkum og taka höndum saman og stuðla að árangri. (www.heimsmarkmidin.is)

Aðildarríkin eru skuldbundin til að ná heimsmarkmiðum SP og nær öll ríkin hafa nú þegar hafið aðgerðir. En tíminn er naumur og mikilvægt er að draga fram hver staðan er á hverju svæði, til að hægt sé að bregðast við á markvissan hátt til árangurs.

Sterk samlegð er á milli Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna og vísitölu félagslegra framfara. Við fyrstu sýn, virðast þessi tvö hugtök endurspeglja ólíka hluti. Á meðan vísitalan er mælikvarði á árangri eru markmiðin skilgreind viðmið sem stefnt er að því að ná. Þessi viðfangsefni eiga það sameiginlegt að horfa til samfélagsins og einstaklingsins hvar sem er í heiminum.

Heimsmarkmiðin 17 eru stöðluð og sett fram með skýrum hætti. Sum þeirra eru mælanleg á meðan önnur er erfitt að fanga og jafnvel ekki mælanleg alls staðar. Þrátt fyrir það eru heimsmarkmiðin og SPI að leggja mat á sömu málefni. Enn í dag eru margir mælikvarðar heimsmarkmiðanna ófullkomnir og eða mismunandi eftir þjóðum. SPI verkfærið hins vegar er samhæft og endurspeglar stöðu yfir tíma og framþróun. Meðfylgjandi mynd sýnir hvernig samlegðin milli þessara verkfæra er og hvaða þættir vísa til hvaða markmiða.

Grunnþarfir

Heilbrigði



Vatn og hreinlæti



Húsnæði



Öryggi



Grunnstöðir velferðar

Grunnmenntun



Samskipti og upplýsingar



Heilsa og líðan



Umhverfisgæði



Tækifæri

Borgaraleg réttindi



Persónfrelsi



Þátttaka




Framhaldsmenntun



From Index to Action to Impact

Delivering local data and insight that is meaningful, relevant and actionable



Our global network of local partners deliver subnational Social Progress Indexes that have revealed the true state of the society for more than **2.7 billion people** across **45+ countries**.

This powerful tool allows policymakers and leaders from business and civil society to **pinpoint priorities for action** and provides a **framework for collaboration**.

**SOCIAL
PROGRESS
IMPERATIVE**

Kópavogur var með þeim fyrstu í heiminum að nýta sér leiðir SPI til að leggja upp innleiðingarferli heimsmarkmiðanna og eru komnir lengst meðal jafningja í að innleiða þessi leiðarljós inn í sína heildarstefnu og árangursmælingar.

Með því að nýta SPI til að draga fram stöðuna þegar kemur að heimsmarkmiðunum þá endurspeglar sú niðurstaða heilstæða sýn á einstakt markmið sem jafnframt hvetur samfélög til að takast á við viðfangsefnið í heild sinni í stað þess að velja og einblína á það sem er auðveldast.

Niðurstöður vísitölu félagslegra framfara endurspeglar mælanlegar áskoranir og gefa greinargott yfirlit um þá stöðu sem er á því svæði sem skoðað er. Vegna sveigjanleika aðferðafræði SPI/VFF, er hægt að aðlaga inntak stjórnækisins að hvaða heimssvæði sem er, allt frá bæjarfélögum til stórborga, opinberra stofnanna og stórfyrirtækja. Með því er hægt að draga fram staðbundna niðurstöðu.



Á mynd: Sigurgestur Guðlaugsson - Reykjanesbær, Gísli Halldór Halldórsson bæjarstjóri Árborgar, Bragi Bjarnason - Árborg, Jakob Sindri Þórssón - Kópavogur, Hilmá Sigurðardóttir - Reykjanesbær, Rósbjörg Jónsdóttir - SPI á Íslandi, Þorsteinn Hjartarsson - Árborg, Michael Green forstjóri Social Progress Imperative og Kári S. Friðriksson - SPI á Íslandi.

FRAMFARAVOGIN

Sumarið 2018 var ákveðið að fara af stað í aðra umferð og fá fleiri sveitarfélög á Íslandi að borðinu og nýta þennan grunn sem byggst hafði upp í vegferðinni með Kópavogi til frekari framþróunar. Það voru **Kópavogur**, **Reykjanesbær** og **Sveitarfélagið Árborg** sem tóku höndum saman við þessa vinnu sem hér er kynnt.

Þátttakendur sammæltust um að gefa verkefninu íslenskt heiti; **Framfaravogin** eða framfaravog sveitarfélaga þar sem öll sveitarfélög geta fengið sína úttekt. Frá því í febrúar 2019 hafa sérfræðingar og yfirstjórnendur sveitarfélaganna þrjú unnið jafnt og þétt með verkefnastjórn að þessari afurð. Þá tóku fulltrúar sveitarfélaganna virkan þátt í alþjóðlegu leiðtogaáðstefnunni What Works Summit í apríl 2019 sem fram fór í Reykjavík.





Niðurstöður

Niðurstöðurnar endurspeglar félagslegar framfarir sveitarfélaganna: **Kópavogur, Reykjanesbær og Sveitarfélagið Árborg**. Framsetning og útfærslur eru settar fram samkvæmt aðferðafræði Social Progress Imperative, um vísitölu félagslegra framfara.

Hér hafa verið sérvaldir 50 vísar sem endurspeglar með einum eða öðrum hætti félagslegar framfarir sveitarfélaga á Íslandi. Þessir vísar eru allir fánlegir fyrir öll sveitarfélög í landinu og byggja á þeim gögnum sem aflað var frá virtum rannsóknaraðilum og stofnunum. 15 vísar tilheyra þáttum sem falla undir grunnþarfir, 20 vísar tilheyra þáttum sem falla undir grunnstöðir velferðar og 15 tilheyra þáttum undir víddinni tækifæri.

Myndin hér fyrir neðan endurspeglar þá vísa sem fulltrúar sveitarfélaganna í þessu verkefni hafa sammælt um og samþykktir hafa verið af Social Progress Imperative. Allir þessir vísar eru að draga fram þætti sem mæla og sýna velferð íbúa þessara samfélaga og eru þeir fánlegir fyrir öll önnur sveitarfélög líka.

Framfaravogin 2019 – 50 vísar

Grunnþarfir

Heilbrigði

Glötuð ár (<65)
Grænmetis- og ávaxtaneysla barna
Gosdrykkja

=> Erfitt að finna samanburðarhæfa mælikvarða

Vatn og hreinlæti

Gæði frárennslis
Ánægja með sorphirðu

=> Erfitt að finna samanburðarhæfa mælikvarða

Húsnæði

Ánægja með aðstöðu á heimili
Félagslegt húsnæði
Hjúkrunarrými eldri borgara

=> Erfitt að finna samanburðarhæfa mælikvarða

Öryggi

Ofbeldisbrot
Þjófnaður (og innbrot)
Öryggistilfinning
Kynferðisafbrot
Heimilsöfbeldi
Umferðaslys -
vélknúin ökutæki
Umferðaslys -
gangandi og hjólandi vegfarendur

Grunnstoðir velferðar

Grunnmenntun

Leikskólar - ánægja foreldra
Grunnskólar - ánægja foreldra
Lestrarörðugleikar
Samræmd próf - Stærðfræði
Samræmd próf - íslenska
Skólasókn á framhaldsskólastigi - erl bakgrunnur
Skólasókn á framhaldsskólastigi - aðrir

Samskipti og upplýsingar

Traust til fjölmiðla
Notkun bókasafna
Aðgengi að ljósleiðara

Heilsa og líðan

Kvíði unglinga
Líkamleg heilsa
Andleg heilsa
Tíðni hreyfingar
Dánartíðni 65 - 75 ára
Hár blóðþrýstingur

Umhverfisgæði

Loftgæði - Svífrýk
Loftgæði - Brennisteinn
Gæði umhverfis
Hávaðamengun

Tækifæri

Borgaraleg réttindi

Kjörsókn
Kjörnir fulltrúar - Kynjahlutfall
Traust til lögreglu

Persónfrelsi

Ótímabærar þunganir
Mér finnst eftirsóknarvert
að búa þar sem ég bý
NEET (Ekki í vinnu, skóla eða
starfsþjálfun)
Launamunur kynjana

Pátttaka

Pátttaka í skipulögðu íþróttastarfi
Umburðarlyndi barna
Fjölskyldutími unglinga
Einelti í grunnskólum
Skjástímanotkun

Framhaldsmenntun


Háskólamenntun karla
Háskólamenntun kvenna
Starf við hæfi - háskólamenntaðir

Áskorarnir við val á vísam

Þeir vísar sem hér hafa verið valdir endurspeglar félagslegar framfarir sveitarfélaga. Það er mikilvægt að velja vísa sem endurspeglar þá þætti sem ætlast er til og á sama tíma svara þeim spurningum sem spurðar eru. Margir vísar eru á óskalista sveitarfélaganna en því miður ekki allir mælanlegir að svo stöddu.

Fjöldi vinnufunda og samtöl fóru fram með lykil starfsmönnum hinna ýmsu stofnana og rannsakendum um þau málefni sem snúa að völdum vísam, sem og um aðra vísa sem ekki tókst að setja inn í þessa úttekt. Samanburðarhæf gögn milli sveitarfélaga eru því miður ekki alltaf fáanleg. En það gerði úrvinnslu gagna og framsetningu hér erfidari en reiknað var með. Betrubætur þurfa að eiga sér stað á þessu sviði og ber hæst að nefna gögn sem tilheyra þáttunum: vatn og hreinlæti og húsnæði og heilbrigði. Hins vegar er ánægjulegt að geta þess að hinar ýmsu stofnanir og rannsóknaraðilar eru að vinna að mjög áhugaverðum rannsóknum á þessum sviðum sem munu nýtast úttektum í framtíðinni.

Gögnin sem hér eru nýtt, koma öll úr áreiðanlegum og traustum gagnagrunnum. Tegundir gagnanna eru **rannsóknir, mælingar, líkön** eða **skráningar**. Aldur gagna er mikilvægur, en ekki er leyfilegt að nota eldri gögn en fimm ára. Niðurstöður Framfaravogarinna 2019 byggja á gögnum fyrir tímabilið **2014-2018**. Eitthvað er um



*Meðalbrennisteinsmengun í Evrópu byggd á gervihnattagögnum og líkönum, meðaltal 2018.
- Copernicus*

sérkeyrslur sem taka mið að því sem spurt er um og er sérstaklega tekið saman fyrir þessa úttekt. Gagnagrunnarnir koma frá áreiðanlegum og ábyrgum rannsóknaraðilum. Uppruni gagna er stillt upp hér síðar í kaflanum og endurspeglar hvaðan hver vísir kemur innan hvers þáttar.

Nokkur frávik eru frá framsetningunni fyrir Kópavog 2018. Frávikin endurspeglast fyrst og fremst í fjölda sveitarfélaga. Þær breytingar sem gerðar hafa verið, taka mið að því að allir vísar eru fánlegir fyrir öll sveitarfélög í landinu. Sérstækir vísar sem einungis voru fánlegir fyrir Kópavog hafa verið teknir út og eða skipt út fyrir nýja. Meginrök þess að vísam hefur verið skipt út, er að þeir eru ekki fánlegir fyrir öll sveitarfélög og eða eru ekki segja það sem leitast er eftir. Sett hefur verið fram tafla í viðauka III sem sýnir breytingar á vísam 2018 og 2019.

Heildarskor hvers vísis birtist á skalanum 1-100. Skölunin fer fram með þeim hætti að besta mögulega gildið er ákvarðað (utopia) og sett sem 100, ásamt versta mögulega gildi (distópíu) og látið hafa gildið núll. Önnur gildi eru sköluð til í hlutfalli.

Þessi gildi eru oft ákvörðuð út frá hæstu og lægstu gildunum meðal landa, svæða eða sveitarfélaga, frá fræðilega hæstu og lægstu gildum eða frá viðurkenndum viðmiðum eða markmiðum sem höfð eru að leiðarljósi.

Valdir vísar 2019

Grunnþarfir einstaklingsins byggja á því að búa við öryggi og frið, hafi greiðan aðgang að hreinu vatni, hreinlætisaðstöðu og aðgang að heilsu-samlegu fæði og heilbrigðisþjónustu.

Stærstu áskoranir þessarar úttekta voru finna undir þessari vídd – grunnþarfir þar sem þættirnir **heilbrigði, vatn og hreinlæti, húsnæði og öryggi eru skoðaðir sérstaklega.**



Heilbrigði – Félagslegar framfarir byggja m.a. á traustu heilbrigðiskerfi sem og heilsu-samlegri og góðri næringu.

Undir þættinum heilbrigði eru hér settir fram þrjár vísar: **glötuð ár einstaklings upp að 65 ára aldri, grænmetis og ávaxtaneysla barna og gosdrykkja.** Það reyndist mjög erfitt að finna samanburðarhæfa vísa á milli sveitarfélaga fyrir þennan þátt. Skilyrðin eru ströng og verða að endurspeglu útkomu en ekki aðföng. Oftar en ekki reyndist sú raunin í þeim tilfellum sem skoðuð voru sem möguleg dæmi. Dæmi um vísa sem geta hugsanlega komið inn í næstu úttekt eru skráð veikindavottorð einstaklinga og barna og aðgengi að heilsugæslu eða lækni.



Vatn og hreinlæti – Aðgengi að hreinu vatni og hreinlætisaðstöðu telst til grundvallarmannréttinda og er lífsnauðsynlegt hverjum einstaklingi og eykur lífslíkur hans.

Þeir vísar sem valdir voru undir þennan þátt eru **gæði frárennslis og ánægja með sorphirðu.**

Undir þættinum, vatn og hreinlæti, var mjög takmarkað til af samanburðarhæfum gögnum og þurfti þessi úttekt að fá undanþágu á því að vera sett fram með einungis tvo vísa af þeim þremur. Gögnum er ekki safnað með sambærilegum hætti og eða umráðasvæði stofnana er á skjön við skilgreind stjórnsýslusvæði.

Hins vegar er vert að geta þessa, góð vinna er í farvatninu að áreiðanlegum upplýsingum hjá ábyrgum aðilum á markaðnum og má vænta úrbóta undir þessum þætti í næstu úttekt.



Húsnæði – aðgengi að mannsæmandi húsnæði tryggir öryggi, heilsu og mannlega reisn.

Húsnæðisþátturinn er þriðji af fjórum undir víddinni grunnþarfir sem ekki býr að nægilega góðum gögnum sem hægt er að nýta til útreikninga á félagslegum framförum. Þeir vísar sem hér eru settir fram eru **ánægja með aðstöðu á heimili, félagslegt húsnæði og hjúkrunarrými eldri borgara.**

Hér er horft til þess að fólk sé ánægt á heimili sínu, við horfum á meðalbiðtíma eftir félagslegu húsnæði og hjúkrunarrými eldri borgara. Mikilvægt er að ígrunda vel hvaða leiðir eru færar til að ná fram raunupplýsingum um stöðu íbúa mismunandi samfélaga þegar kemur að húsnæði, aðgengi að húsnæði og öryggi húsnæðis. Vitað er að einhverjar rannsóknir eru framkvæmdar með reglubundnum hætti þar sem ekki er horft til mismunandi sveitarfélaga. Það er von aðstandenda þessarar úttekta að bragarbót verði unnin á þessum málaflokki svo vel megi vera fyrir næstu úttekt.

Öryggi - Öryggi er nauðsynlegt heilsu, friði, réttlæti og vellíðan.

Undir þættinum öryggi eru settir fram sjö áhugaverðir og sterkir vísar sem endurspeglar með skýrum hætti öryggi einstaklingsins í því samfélagi sem hann býr. Hér er fullt hús eða hámark fjölda vísa nýttir. Þeir vísar sem settir eru undir þennan þátt eru ofbeldisbrot, þjófnaður (og innbrot), öryggistilfinningu, kynferðisafbrot, heimilisofbeldi, umferðaslys - vélknúin ökutæki, og umferðaslys - gangandi og hjólandi vegfarendur.



Grunnstoðir velferðar - eru mikilvægar til að hver og einn geti viðhaldið lífsgæðum sínum og auðgað líf sitt. Hér er horft til þáttanna grunnmenntun, samskipti og upplýsingar, heilsu og líðan og umhverfisgæði.

Grunnmenntun - Menntun er grunnforsenda framfara, frelsis og eflingu einstaklingsins.

Undir þættinum grunnmenntun skoðum við sjö mikilvæga vísa sem snerta á öllum skólastigum að háskólastiginu undanskildu. Vísarnir eru leikskólar - ánægja foreldra, grunnskólar - ánægja foreldra, lestrarörðugleikar, samræmd próf - stærðfræði, samræmd próf - íslenska, skólasókn á framhaldsskólastigi - með erlendan bakgrunn, skólasókn á framhaldsskólastigi - aðrir.



Samskipti og upplýsingar - frjálst aðgengi að upplýsingum og möguleikinn á að skiptast á upplýsingum við aðra er nauðsynlegt fyrir skilvirkt, opið og ábyrgt samfélag.

Undir þessum þætti eru lagðir fram þrjár vísar til að endurspeglar stöðu upplýsinga og samskipta og það eru traust til fjölmiðla, notkun bókasafna og aðgengi að ljósleiðara.



Heilsan og líðan - Heilbriggt lífverni er mikilvægt til að efla getu einstaklinga til að lifa hamingjusömu lífi, draga úr ótímabærum dauðsföllum og fyrirbyggja áunna sjúkdóma.

Mikilvægi þess að líða vel og lifa heilbrigðu lífi verður seint metið til fjár. Margir möguleikar standa til boða þegar við horfum á þennan þátt. Hér eru settir fram sex vísar sem líta til fólks á öllum aldri. Þeir eru kvíði unglínga, líkamleg heilsa, andleg heilsa, tíðni hreyfingar, dánartíðni 65 - 75 ára og hár blóðþrýstingur.



Umhverfisgæði - Öruggt náttúrlegt umhverfi er forsenda fyrir heilbrigðu og ánægjulegu lífi einstaklingsins. Umhverfisgæði hafa bein áhrif á heilsu og því möguleikum fólks til lífs.

Umhverfisgæði er sá málaflokkur sem mikið er horft til í dag og snertir alla hegðun einstaklingsins hvar sem hann bregður niður fæti. Undir þessum þætti eru nokkrar áskoranir við að etja. Samanburðarhæf gögn milli sveitarfélaga eru í farvatninu sem munu styðja verulega við úttektir framtíðarinnar. Í þessari atrennu eru settir fram fjórir vísar sem byggja á útkomu gæði lofts, skoðað með tilliti til magns svifryks og brennisteins í loftinu, hávaðamengun og mat íbúa á gæði umhverfis.



Tækifæri manneskjunnar til að skapa sér betra líf og lífa því lífi sem hún kys hefur mikil áhrif á hvernig hverjum og einum vegnar í lífinu.



Borgaraleg réttindi - Fela í sér pólitísk réttindi, félagsleg réttindi sem og rétt til tjáningar og eigna. Þau stuðla að reisn og virðingu og auðvelda einstaklingnum þátttöku í að byggja upp frjálst og lýðræðislegt samfélag. Hér eru lagðir fram þrjár vísar sem segja til um borgaraleg réttindi íbúa í samfélaginu; **kjörsókn, kynjahlutfall kjörinna fulltrúa og traust til lögreglu**. Undir þessum þætti væri gott að skoða traust til kjörinna fulltrúa og traust til stjórnsýslu en ekki reyndust áreiðanleg gögn fyrir hendi fyrir þessa úttekt.



Persónulegt frelsi - endurspeglar val og áherslur einstaklingsins til að taka ákvarðanir eins og hann kys og hefur frelsi til að ákveða hvernig hann hagar lífi sínu. Sammælt var að leggja hér fram fjóra vísa sem segja til um valfrelsi einstaklingsins. Hér er horft til **ótímabærra þungana, eftirsóknarverða búsetu, upplýsingar um þá sem ekki eru í vinnu, skóla eða starfsþjálfun og launamun kynjanna** í samfélaginu.



Þátttaka - Þátttaka er einungis tryggð í umburðarlyndu samfélagi, þ.e. samfélagi án aðgreiningar þar sem hver og einn getur lífað lífi sínu með reisn og virðingu. Þeir vísar sem hér eru skoðaðir og falla undir þessi viðmið eru **þátttaka í skipulögðu íþróttastarfi, umburðarlyndi barna, fjölskyldutími unglinga, einelti í grunnskólum og skjátímanotkun**. Hér er sammælt um að horfa til unga fólksins og framtíðarkynslóða þannig að hægt sé að fylgjast með þeirri þróun sem mun eiga sér stað á komandi árum.



Framhaldsmenntun - fræðslu- og rannsóknarstofnanir á efri námsstigum stuðla að nýsköpun og hjálpa til við að leysa jafnt staðbundin sem alþjóðleg vandamál. Að sækja sér menntun og starf við hæfi er val hvers og eins og er mikilvægur þáttur þegar uppbygging samfélaga á sér stað. Hér var sammælt um að skoða **háskólamenntun karla og kvenna sem og hvort að háskólamenntaðir á svæðunum séu í starfi við hæfi**.

Meðfylgjandi mynd sýnir hvaðan gögnin eru fengin og er þeim stillt upp með sama hætti og hér að framan; þ.e.a.s. eftir viddum og þáttum. Hver heimild í myndinni endurspeglar vísinn sem notaður er í útreikningum.

Uppruni gagna

Grunnþarfir

Heilbrigði

Hagstofa Íslands
SÍS - skólavogin - nemendakönnun
SÍS - skólavogin - nemendakönnun

Vatn og hreinlæti

Umhverfisstofnun
Sveitarfélagakönnun Gallup

Húsnæði

Rannsóknir og greining
Gallup - Þjónusta sveitarfélaga
Landlæknir -
Vöktun á áhrifapáttum heilbrigðis

Öryggi

Ríkislögreglustjóri
Ríkislögreglustjóri
Landlæknir - Heilsa og líðan Íslendinga
Ríkislögreglustjóri
Ríkislögreglustjóri
Samgöngustofa
Samgöngustofa

Grunnstoðir velferðar

Grunnmenntun

SIS - Skólavogin - Foreldrakönnun
SIS - Skólavogin - Foreldrakönnun
SIS - Skólavogin - Nemendakönnun
Menntamálastofnun
Menntamálastofnun
Hagstofa Íslands
Hagstofa Íslands

Samskipti og upplýsingar

Landlæknir - Heilsa og líðan Íslendinga
Landskerfi bókasafna
Póst og fjarskiptastofnun

Heilsa og líðan

Rannsóknir og greining
Landlæknir - Heilsa og líðan Íslendinga
Landlæknir - Heilsa og líðan Íslendinga
SIS - Skólavogin -
Nemendakönnun Hagstofa Íslands
Landlæknir - Heilsa og líðan Íslendinga

Umhverfisgæði

Copernicus
Copernicus
Sveitarfélagakönnun Gallup
Umhverfisstofnun

Tækifæri

Borgaraleg réttindi

Hagstofa Íslands
Hagstofa Íslands
Landlæknir - Heilsa og líðan Íslendinga

Persónfrelsi

Hagstofa Íslands
Landlæknir - Heilsa og líðan Íslendinga
Hagstofa Íslands
Hagstofa Íslands

Pátttaka

SIS - Skólavogin - nemendur
SIS - Skólavogin - nemendur
Rannsóknir og greining
SIS - Skólavogin - nemendur
Landlæknir - Heilsa og líðan Íslendinga

Framhaldsmenntun

Hagstofa Íslands
Hagstofa Íslands
Hagstofa Íslands



Hagnýting Framfaravogarinnar

Framfaravogin er öflugt verkfæri til að hjálpa samfélögum að greina styrkleika sína og veikleika. Framfaravogin varpar ljósi á stöðuna eins og hún er og endurspeglar hvernig tekist hefur til. Ekki er nóg að draga fram stöðuna og mæla árangur ef ekki fylgja aðgerðir og verkefni í kjölfarið.

Samfélög þjóðanna kalla eftir hvers konar nýsköpun sem stuðlað getur að því að gera gott samfélag enn betra. Framfaravogina má meta með því að skoða ítarlega mismunandi þætti og skoða nánar hvernig hægt er að bregðast við. Með einbeittum aðgerðum eftir nýjum leiðum eða með því að bæta núverandi aðgerðir ætti árangurinn að endurspeglast í skorkorti samfélagsins þegar horft er til langs tíma.

Niðurstöðurnar sem hér fylgja fyrir sveitarfélögin þrjú má nýta til að leggja fram skýrar aðgerðaráætlanir sem styðja við félagslegar framfarir innviða bæjarfélaganna og á sama tíma styðja við innleiðingu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Eins og Kópavogur hefur nú þegar lagt upp með. Þannig má nota verkfærið til að byggja upp enn öflugra og betra samfélag þar sem árangurinn er mældur með markvissum og mælanlegum hætti frá ári til árs.

Alþjóðastofnun Social Progress Imperative vinnur nú að samræmdri framsetningu þar sem niðurstöður SPI geta verið einskonar „proxy“ til að meta hvar lönd, svæði, borgir eða sveitarfélög eru staðsett þegar kemur að heimsmarkmiðunum á skalanum 1-100. Hér er sett fram **beta-version** af framsetningunni þar sem horft er til þeirra þátta sem líta að sömu eða sambærilegum málefnum og heyra undir markmiðin.

Með því er horft til þess að þeir vísar sem nýttir eru séu staðbundnir og endurspeglar þá stöðu í því samfélagi sem skoðað er. Samfélagið nær ákveðnu skori sem er reiknað út frá niðurstöðum heildarskors þátta. Mismunandi þættir tilheyrja efnistöfum mismunandi markmiða og þannig er hægt að draga fram vísbendingu um þá stöðu svæðis.

Framistöðumat með hjálp SPI

1 - Enginn fátækt



Heilsa og líðan
Borgaraleg réttindi
Öryggi
Húsnæði

2 - Ekkert Hungur



Umhverfisgæði
Heilbrigði

3 - Heilsa og vellíðan



Heilsa og líðan
Heilbrigði
Persónulegt frelsi
Öryggi
Húsnæði
Vatn og hreinlæti

4 - Menntun fyrir alla



Grunnmenntun
Framhaldsmenntun

5 - Jafnrétti kynjanna



Upplýsingar og samskipti
Pátttaka
Persónulegt frelsi
Borgaraleg réttindi
Öryggi

6 - Vatn og hreinlæti



Umhverfisgæði
Vatn og hreinlæti

7 - Sjálfbær Orka



Umhverfisgæði
Húsnæði

8 - Góð Atvinna og Hagvöxtur



Umhverfisgæði
Persónulegt frelsi

9 - Nýsköpun og uppbygging



Framhaldsmenntun
Upplýsingar og samskipti
Umhverfisgæði

10 - Aukinn jöfnuður



Pátttaka
Persónulegt frelsi
Borgaraleg réttindi
Öryggi

11 - Sjálfbærar borgir og samfélög



Umhverfisgæði
Pátttaka
Öryggi
Húsnæði

12 - Ábyrg neysla og framleiðsla



Grunnmenntun
Umhverfisgæði

13 - Aðgerðir í Loftlagsmálum



Umhverfisgæði
Öryggi

14 - Líf í vatni



Umhverfisgæði

15 - Líf á landi



Umhverfisgæði

16 - Friður og réttlæti



Upplýsingar og samskipti
Pátttaka
Persónulegt frelsi
Borgaraleg réttindi
Öryggi

17 - Samvinna um markmiðin



Upplýsingar og samskipti





Kópavogur

Markmiðið með þróun SPI skorkorts í Kópavogi er að gera tilraun til að uppreikna félagslegar framfarir sem gæti svo nýst við stjórnun bæjarfélagsins, svosem til stefnumörkunar, greiningar á styrkleikum og veikleikum bæjarins, til að forgangsraða verkefnum og styðja við áframhaldandi innleiðingu Kópavogsbæjar að Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

Ávinningur Kópavogsbæjar gæti falist í því að draga fram stöðu félagslegrar framþróunar í bæjarfélaginu sem endurspeglar í uppfærðum niðurstöðum mælaborðs (Social Progress Portrait). Mælaborðið getur verið vísbending um hvar styrkleikar og veikleikar bæjarfélagsins liggja og stutt við forgangsröðun áherslna og nýtingu fjármuna til frekari uppbyggingar. Með þátttöku tveggja annarra sveitarfélaga á Íslandi í þróun skorkortsins ætti bæjarfélagið að geta borið sig saman að einhverju leyti við önnur sveitarfélög í landinu.

Ármann Kr. Ólafsson
Bæjarstjóri



Kópavogsbær

Fjöldi íbúa 31. des. 2018: 36.975

Fulltrúar í verkefnastjórn:

Páll Magnússon, bæjarritari
Auður Finnbogadóttir
Jakob Sindri Þórssonn




Kópavogsbær

Kópavogskortið

Social Progress Portrait 72.89

